



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2008

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl., þskj. 750 -471. mál.

BSRB þakkar fyrir að fá að koma ábendingum sínum á framfæri til samgöngunefndar um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar og vill koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Í ákvæði til bráðabirgða segir að starfsmaður Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfrest í hálfri starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

Við rekstrarformsbreytinguna verður skerðing á réttindum starfsmanna sem greiða í B-deild LSR í dag. Iðgjöld hans miðast við þau laun sem hann hafði þegar staða hans var lögð niður og breytast iðgjaldgreiðslurnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu. M.ö.o það verður eins konar frysting á laununum. Hefur hækkun launa starfsmanna hjá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli því engin áhrif á hvaða eftirlaun starfsmaðurinn fær þegar hann lætur af störfum vegna aldurs.

BSRB hefur áður bent á það ójafnræði sem ákvæðið til bráðabirgða hefur í för með sér þar sem jafnræðisreglu er ekki gætt. Fjölmörg dæmi eru um fyrrverandi starfsmenn ríkisins sem eru í dag í starfi samhliða töku lífeyris. T.d. á það við um starfsmenn Póstsins og Símans sem er mjög stór hópur starfsmanna. Þá er stór hópur ríkisstarfsmanna sem eru í B-deild LSR og njóta lífeyris síns samhliða því að starfa á vinnumarkaðinum í tímavinnu eða lágu starfshlutfalli.

BSRB leggur einnig áherslu á að hvergi verði hróflað við núverandi félagsaðild starfsmanna í aðildarfélögum BSRB og hvetur til samráðs við félögin við þær breytingar sem Alþingi kann að samþykkja.

Að öðru leyti er vísað til umsagna og athugasemda sem fram hafa komið í umsögnum aðildarfélaga BSRB; Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Landssambands sjúkra- og slökkviliðsmanna.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri BSRB